



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH STARFSÁRIÐ 2023



Æskulýðsnefnd LH 2022-2024

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



EFNISYFIRLIT

Æskulýðsnefnd LH.....	3
Starfsárið 2022	3
FEIF Youth	5
Æskulýðsbíkar LH.....	6
Fyrri handhafar æskulýðsbíkars LH:.....	8



ÆSKULÝÐSNEFND LH

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður

Birna Tryggvadóttir, meðstjórnandi

Edda Rún Ragnarsdóttir, meðstjórnandi

Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Helga Björg Helgadóttir, ritari

Guðrún Linda Björgvinsdóttir, meðstjórnandi

Sjöfn Sæmundsdóttir, meðstjórnandi

Stefán G. Ármannsson, meðstjórnandi

STARFSÁRIÐ 2022

Nefndin hefur fundað sjö sinnum það sem af er ári, fyrst í byrjun febrúar og síðast í september. Nefndin hefur notast mest við Teams eða Zoom nema í september þar sem nefndin fundaði í húsakynnum ÍSÍ. Ekki hefur verið haldin fundur með stjórn LH á þessu ári, líkt og gert var í fyrra.

Nefndin hefur verið að ræða um áhuga nefndarmanna að standa fyrir skyndihjálparnámskeiði og Verndari barna námskeiði fyrir æskulýðsleiðtoga aðildarfélaganna og er það von okkar að það geti orðið að veruleika á komandi vetri og næsta haust. Nefndin hefur í hyggju að bjóða öryggisnefnd að vera með í skipulagningu skyndihjálparnámskeiðs og víkka þannig út boðið fyrir þátttakendur



Þannig að aðildarfélögn geti líka sent nefndarfólk úr t.d. mótanefnd og stjórnnum félaganna. Við teljum að bæði þessi námskeið styðji við og auki öryggi æskulýðsins.

Nefndin stefni á að fara í fundarhringferð í haust en náði því ekki þar sem meðal annars átti að kanna áhuga félaganna á þessum tveimur námskeiðum sem við viljum standa fyrir, því það er forsenda þess að við getum hafið undirbúning og skipulagt námskeiðin að vita hvort nægur áhugi er fyrir hendi. Þess í stað ætlum við okkur að koma þessum hugmyndum á framfæri á formannafundinum 18. Nóv sem er mögulega réttara að gera því það eru jú stjórnir félaganna sem þurfa að hafa áhuga fyrir því að senda sitt fólk á slík námskeið þar sem við gerum ráð fyrir að félögin greiði fyrir sitt fólk. Okkur langar samt enn að fara og hitta félögin á fundum í kringum landið og stefnum á það eftir áramót. Nefndin hefur hug á að funda á Vesturlandi, Norðurlandi eystra, Austfjörðum, Suðausturlandi, Suðurlandi og stórhöfuðborgarsvæðinu. Nefndin vonast til að með stuðningi frá stjórn LH verði hægt að fara út á land og hitta félögin.

FEIF YOUTH

Í ár var haldið FEIF Youth Camp á hestaháskólasvæðinu í Ypäjä í Finnlandi. Tókst virkilega vel til og var megin áhersla lögð á fræðslu þar sem lagt var upp með að sýna fram á með hversu fjölbreyttum hætti mætti nýta íslenska hestinn og að til eru fleiri en leið til að nálgast hann. Sumarnámsbúðirnar var eitt stæðasta FY Camp sem haldið hefur verið eða alls 50 manns. Ísland átti auk Country Leaders 10 þátttakendur, sem er einn mesti fjöldi sem farið hefur á FY Camp frá Íslandi. Búðirnar voru virkilega vel heppnaðar og áhugaverðar.





Í júlí á næsta ári verður haldið FEIF Youth Cup í Sviss. Ísland á rétt á að senda 7 unglunga auk Team Leader og Country Leader. Þar er m.a. horft til keppnisárangurs umsækjenda.

Æskulýðsnefnd FEIF hefur ákveðið að fresta því að halda Young Leadership Seminar fram á næsta ár en það verður væntanlega haldið í Svíþjóð og má eiga von á mjög spennandi námskeiði.

ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar Landsambands hestamannafélaga (LH) er afhentur því félagi sem skara hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá 1996. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð félaganna því þaðan kemur framtíðar grasrót félaganna. Nefndin heldur því staðfastlega fram að æskulýðsstarfið sé mikilvægasta starf hvers félags.

Æskulýðsnefnd LH velur handahafa bikarsins úr þeim skýrslum sem berast. Á síðasta ári bárust 14 skýrslur. Skýrslurnar áttu það sammerkt að vera skemmtilegar aflestrar og vel uppsettar með ljósmyndum úr æskulýðsstarfinu. Um leið og nefndin þakkar öllum félögum sem sendu inn skýrslu viljum við hvetja fleiri félög til að



senda inn skýrslur æskulýðsnefnda. Það er virkilega gott að sjá í skýrslunum að félög eru áfram að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum og einnig er mikið námskeiðshald á vegum félaganna. Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og að með þeirri stefnu muni greinin vaxa og dafna til framtíðar.

Handhafi Æskulýðsbikars LH 2022 var Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði. Þau héldu uppi gríðarlega góðu og fjölbreyttu starfi. Félagið er gamalt gróið og hefur verið með mjög virkt æskulýðsstarf til margra ár. Félagið telur tæplega 1000 félagsmenn og var stofnað 1944. Þau sendu inn vandaða 16 blaðsíðna skýrslu sem er vel uppsett. Æskulýðsnefnd Sörla hefur verið dugleg að skila inn æskulýðsskýrslum í gegnum árin. Félagið rekur félagshesthús, er með skipulagðar æfingar tvisvar í viku, auk skipulagðar dagskrá fyrir hestakrakka með og án hesta.





FYRRI HANDHAFAR ÆSKULÝÐSBIKARS LH:

1996	<i>Léttir</i>	2010	<i>Logi</i>
1997	<i>Gustur</i>	2011	<i>Hörður</i>
1998	<i>Sörli</i>	2012	<i>Sleipnir</i>
1999	<i>Hörður</i>	2013	<i>Sindri</i>
2000	<i>Freyfaxi</i>	2014	<i>Fákur</i>
2001	<i>Máni</i>	2015	<i>Sprettur</i>
2002	<i>Smári</i>	2016	<i>Sörli</i>
2003	<i>Fákur</i>	2017	<i>Brimfaxi</i>
2004	<i>Blær</i>	2018	<i>Hringur</i>
2005	<i>Andvari</i>	2019	<i>Geysir</i>
2006	<i>Léttir</i>	2020	<i>Hornfirðingur</i>
2007	<i>Máni</i>	2021	<i>Sleipnir</i>
2008	<i>Þytur</i>	2022	<i>Sörli</i>
2009	<i>Dreyri</i>	2023	???

F.h. Æskulýðsnefndar LH,
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður